

Ár 2008, Þriðjudagurinn 12. febrúar er dómþing Áfrýjunardómstóls Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands háð á skrifstofu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands í Laugardal af Jóni G. Zoega, Gesti Jónssyni og Björgvin Þorsteinssyni

Fyrir er tekið:

**Mál nr. 2/2008**  
**Stjarnan, Handknattleiksdeild**  
**Gegn**  
**Fram Handknattleiksdeild og**  
**Handknattleikssambandi Íslands**

Lagt er fram nr. 1. Greinargerð áfrýjanda

Kl. 14:00 mætir í dóminn fulltrúi áfrýjanda Bragi Bragason

Talsmaður áfrýjanda skýrir fyrir dóminum þær ástæður sem hann telur eiga að leiða til þess að mál þetta heyri undir dómstólinn.  
Vikur frá kl. 14:25

Bragi Bragason (sign)

Af hálfu kærðu hefur ekki verið sótt þing þrátt fyrir boðun. Forsvarsmaður Fram boðaði forföll á síðustu stundu en af hálfu HSÍ var kosið að mæta ekki. Er þetta aðfinnsluvert

Er nú kveðinn upp svohljóðandi

**Dómur:**

Það er álit dómsins að krafa um að eftirlitsdómarar séu á leikjum í meistaraflokki kvenna í handbolta, hafi ekki gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Málinu er því vísað frá dómi.

**Dómsorð:**

Málinu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Jón G. Zoega (sign)  
Björgvin Þorsteinsson (sign)  
Gestur Jónsson (sign)